

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Reykjavík, 7. mars 2019
Tilvísun: 201903001 / 3.4

Efni: Deiliskipulag Þjóðólfshaga 1, Rangárþing ytra

Rangárþing ytra hefur, með erindi dags. 27. febrúar 2019, sent Skipulagsstofnun deiliskipulag Þjóðólfshaga 1 til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 30. janúar 2019. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum en umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni Umhverfisstofnun og Minjastofnun Íslands. Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn, þann 14. febrúar 2019.

Í deiliskipulaginu felst um 55 ha svæði í landi Þjóðólfshaga 1. Gert er ráð fyrir 9 lóðum fyrir 250 m² íbúðarhús, 60 m² gestahús og 1000 m² hesthús/skemmu á hverri lóð.

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028, sem deiliskipulagtillaga byggir á, hefur ekki tekið gildi. Við gildistöku þessa nýja deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag sama svæðis frá 2017.

Deiliskipulagið er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:2500 og 1:7500, dags. 23. október 2018, með breytingum dags. 26. febrúar 2019.

Skipulagsstofnun getur ekki tekið afstöðu til efnis deiliskipulagsins. Í umsögn umhverfisstofnunar, dags. 7. janúar 2019, kemur fram að innan skipulagssvæðisins séu vistgerðir á lista Bernarsamningsins sem þarfnast verndar. Gera þarf betur grein fyrir þeim og staðsetningu þeirra.


Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir